EYJAFRÉTTIR

50 Ára 1974 - 2024



Mynd Kristín Thelma Birgisdóttir.

Brúðkaup og bílar 17

tbl. 14
51. árg
26.08 2024
kr. 1.590



6 Skólar í sókn



16 Lúsmý?



22 Laufey af stað

Enginn fór sér að voða og enginn varð fyrir hrekk

Rétt fyrir Þjóðhátíð hittust nokkrir félagar úr Hrekkjalómafélaginu og gerðu sér glaðan dag.

Ásmundur Friðriksson segir það hafi verið ótrúlega skemmtilegt fyrir þá félagana að hittast og rifja upp gamla tíma. „Vökva vináttuna og hlægja mikið saman."

Hann segir að það hafi verið orðið langt síðan þeir áttu saman kvöldstund. „Þar sem við gáfum lífinu lausan tauminn. Það er margs að minnast og eftir marga áratugi eru nokkrir okkar farnir og við minntumst góðra vina, með skemmtilegum sögum á fallegan hátt.

Við borðuðum saman og nokkrir fengu sér bjór með matnum, en þetta er allt orðið svo melló að það var engin hætta á ferðum. Enginn fór sér að voða og enginn varð fyrir hrekk og allir komum við heim aftur á réttum tíma. Þannig var það ekki alltaf, en með aldrinum þroskast menn og húmorinn með." segir Ásmundur Friðriksson.



Ásmundur Friðriksson, Friðrik Már Sigurðsson, Þór Vilhjálmsson, Hallgrímur Tryggvason, Guðmundur Alfreðsson, Garðar Arason, Grímur Gíslason, Guðni Hjörleifsson, Magnús Kristinsson og Sigurgeir Jónasson.

Tilhlökkun að taka nýtt skip í notkun

Sigurbjörg ÁR, nýtt skip Ísfélagsins kom til Hafnafjarðar á laugardaginn. Það var Rammi sem tók ákvörðun um smíðina á sínum tíma og var Sigurbjörg hugsuð sem humar- og bolfiskveiðiskip sem átti að sjá starfseminni í Þorlákshöfn fyrir hráefni. Síðan hefur mikið breyst, humarveiðar bannaðar, starfsemin lögð niður í Þorlákshöfn og Rammi hefur sameinast Ísfélagi Vestmannaeyja og heitir í dag Ísfélag hf.

Sigurbjörg var smíðuð í Celiktrans-skipasmíðastöðinni í Istanbúl. Mesta lengd er 48,10 m og breidd 14 m. Aðalvél er MAN 1.795 kW, 800 snúningar á mínútu. Hjálparvélar eru tvær og bogskrúfa. Spilbúnaður er 4 togvindur, 3 gilsavindur, 6 grandaravindur, tvær pokavindur, átta bakstroffuspil og 2 akkerisspil ásamt hjálparvindum og



Sigurbjörg kemur til hafnar í Hafnarfirði.

dekkkrana. Vinnslubúnaður er fyrsta flokks og er sjálfvirkur búnaður sem setur afla í lest og landar, þannig að lestarvinna háseta er úr sögunni. Kælibúnaður tryggir fyrsta flokks hráefni. Siglingatæki eru frá Simberg en aflanemakerfi frá Marport. Íbúðir eru fyrir 15 manna áhöfn og öll aðstaða til fyrirmyndar. Gert er ráð fyrir tvöfaldri áhöfn. Kaupverð er ríflega 3,1 milljarður.

Sigurbjörgu er ætlað að koma í stað þriggja skipa, Jóns á Hofi ÁR, Fróða II ÁR og Ottós Þorlákssonar VE. Áætlað er að Dala Rafn verði gerður út á rækju sem liður í endurskipulagningu útgerðarinnar.

Sigurbjörg var sjósett fyrir rétt ári og byrjar á að fara í slipp í botnhreinsun og málningu. Um leið verður skipið gert klárt og er reiknað með að það haldi til veiða í ágúst. Skipstjóri er Sigvaldi Páll Þorleifsson og yfirvélstjóri Þorfinnur Hjaltason. „Þetta er öflugt og gott skip, hönnun og búnaður fyrsta flokks. Vel fer um áhöfn og öll vinna til fyrirmyndar. Það er alltaf gaman að fá nýtt skip og tilhlökkunarefni að taka það í notkun," sagði Eyþór Harðarsson, útgerðarstjóri Ísfélagsins.

Forsíðumynd: ***Brúðhjónin Þorgerður Anna Atladóttir og Svavar Kári Grétarsson*** *- Mynd Kristín Thelma Birgisdóttir.*

EYJAFRÉTTIR

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549
Ægissgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.
Ritstjórn og ábyrgð: Ómar Garðarsson og Tryggvi Már Sæmundsson - omar@eyjafrettir.is - tryggvi@eyjafrettir.is.

Umbrot: Leturstofa Vestmannaeyjum ehf.
Ljósmyndir: Óskar Pétur og blaðamenn.
Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.
Sími: 481 1300

Netfang: frettir@eyjafrettir.is.
Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is
Veffang: www.eyjafrettir.is
EYJAFRÉTTIR er áskriftarblað.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

TIL ÞJÓNUSTU REIÐUBÚINN Í 20 ÁR

2004

BRAGGABÍLAR

KRANA OG VÖRUBÍLAÞJÓNUSTA

S: 897-1535

2024

Stórt hrós á sjálfboðaliða ÍBV

Dagur Arnarsson komst í fréttirnar um Þjóðhátíðina, þegar að hann komst naumlega undan brettastæðu sem hrundi úr brennunni á Fjósakletti. Dagur er í genginu sem skvettir olíu á brennuna, en aðstæður voru erfiðar þetta kvöld og því hrundi brennan fram. Þá er Dagur í handboltaliði ÍBV og þar æfa menn af krafti þessa dagana enda styttist í að Íslandsmótið hefjist. Dagur er Eyjamaður mánaðarins.



Dagur Arnarsson.

Fullt nafn: Dagur Arnarsson.
Fjölskylda: Trúlofaður Svövu Töru og eigum strák sem heitir Flóki. Fjölskyldan býður spennt eftir öðrum peyja um miðjan september.
Hefur þú búið annarsstaðar en í Eyjum: Já ég flyt í Breiðholtið eins árs og bý þar til sjö ára aldurs. Þá fer fjölskyldan í Hafnarfjörðinn og er þar til tólf ára aldurs en þá er komið að því að koma heim aftur.
Mottó: Gerðu eitthvað í dag sem framtíðarsjálfið mun þakka þér fyrir seinna meir.
Síðasta hámhorfið: CSI: Vegas til þess að vera alveg hreinskilinn.
Uppáhalds hlaðvarp: Blökastið og beint í bílinn heldur mér oft gangandi í vinnunni.
Uppáhalds kvikmynd: Ég myndi segja Harry Potter ef það væri ein mynd þar sem ég horfi á allar myndirnar að minnsta kosti einu sinni á ári.
Aðaláhugamál: Íþróttir frá A-Ö.
Hver er þinn helsti kostur: Vinnusemi.
Eitthvað sem þú gerir á hverjum degi sem þú gætir ekki verið án: Linsur því ég get ekki gengið um með gleraugu því ég fæ hausverk þegar ég reyni það.
Hvað óttast þú mest: Skordýr eru ekki í uppáhaldi.
Hvaða tónlist kemur þér í gott skap: Ég er svo mikil alæta á tónlist en verð að gefa Júníusi Meyvant þennan titil.
Hvaða ráð myndir þú gefa 18 ára þér sem veganesti inn í lífið: Ég myndi reyna að sannfæra mig um að hlusta ekki á neikvæðar skoðanir fólks og taka þær ekki nærri mér. Um leið og maður lærir það þá er þungu fargi létt og ekkert sem ætti að hægja á manni.
Hvað er velgengni fyrir þér: Þegar þú nærð markmiðum þínum á sama hvaða stærðargráðu það er.
Hvar sérðu sjálfan þig eftir 20 ár: Með fjölskyldu og vinum í Vestmannaeyjum.
Fallegasti staður sem þú hefur komið á: Lake Garda.
Hvernig var Þjóðhátíðin hjá þér? Hún var bara frábær þrátt fyrir veðrið sem setti auðvitað smá strik í reikninginn. Þessi hátíð er alltaf jafn skemmtileg með fólkinu sínu sama á hvaða tíma það er. Svo er auðvitað hápunktinum náð á miðnætti á föstudeginum ár hvert þegar við kveikjum svo í brennunni sem við í handboltanum og velunnarar okkar hjálpa okkur við að stafla í nokkrar vikur.
Nú varð töluverð dramatík þegar brennan á Þjóðhátíð hrundi og þú þar rétt fyrir neðan. Hvernig tilfinning var að hlaupa undan brettastæðunum? Já, þetta árið fór brennan ekki eins og við vildum þar sem veðrið setti strik í reikninginn. Íkveikjan klikkaði alveg og því þurftum við að bregðast við með að kveikja í brennunni með blysi. Það var svo mikill vindur að við áttum erfitt með að ná eld í alla brennuna og því kviknaði aðeins í neðstu brettunum. Það var því meðvitað hjá öllum þeim sem stóðu við brennuna og voru að reyna að kveikja í henni að hún myndi hrynja í átt að dalnum. Það var því tvennt í stöðunni að bíða uppi þar til hún myndi hrynja eða drífa sig áður en það gerðist. Ég fór aðeins of seint af stað niður en sem betur fer var ég á góðum stað í brekkunni þegar þetta gerist og allt fer vel.
Hvernig leið þér eftir þetta atvik? Bara vel, ég sá brettin snemma sem komu rúllandi að mér og náði að flýja í tæka tíð. Það er til önnur myndbrot af öðrum stað þar sem hægt er að sjá að fjarlægðin milli mín og brettana er meiri en myndbrotið sem fór í dreifngu gefur til kynna.
Nú styttist í að handboltavertíðin fari af stað. Hvernig líst þér á tímabilið? Mér líst bara mjög vel á tímabilið. Liðið í ár er vel mannað og andinn mjög góður enda þekkjast all flestir mjög vel. Liðið er samkeppnishæft um alla þá titla sem í boði eru enda er það sem ÍBV hefur staðið fyrir síðustu ár og gerum við ásamt eyjamönnum kröfur á okkur um slíkt.
Eitthvað að lokum: Þar sem við vorum að ræða þjóðhátíðina áðan þá er stórt hrós á sjálfboðaliða ÍBV hvaðan sem þeir koma. Einnig stærra hrós til fólksins í dalnum og þjóðhátíðarnefndar fyrir þeirra störf í ár sem og önnur ár enda er þetta lang stærsta fjáröflun bandalagsins.
Síðast en ekki síst þá sjáumst á vellinum í vetur, áfram ÍBV!

Á leið í 1. bekk:
Frekar spennt að læra að lesa og skrifa



Karítas Ída Friðriksdóttir

Aldur: 6 ára.
Fjölskylda: Friðrik og Kolbrún, Ronja og Erik.
Hvað gerðir þú í sumar? Æi, ég man það ekki.
Ertu spennt að byrja í skólanum? Já, hlakka mikið til.
Hvað gerir maður í 1. bekk? Les, stærðfræði, borðar nesti og fer út að leika.
Hvað hlakkar þér til að læra? Læra að skrifa.
Hvað ætlar þú að gera í framtíðinni? Verða hárgreiðslukona.



Ásgeir Ingi Haukdal Birkisson

Aldur: 5 ára.
Fjölskylda: Pabbi heitir Birkir, mamma heitir Lísa og systur mínar heita Selma Dís og Sunna Karen.
Hvað gerðir þú í sumar? Ég fór oft út að hjóla, ferðalag í hjólhýsinu okkar og svo fór ég á Þjóðhátíð.
Ertu spenntur að byrja í skólanum? Já, frekar spenntur.
Hvað gerir maður í 1. bekk? Les, lærir stafina, föndrar og úti og leika með við vini mína.
Hvað hlakkar þér til að læra? Ég hlakka til að læra að lesa.
Hvað ætlar þú að gera í framtíðinni? Björgunarsveitamaður, lögga, slökkviliðsmaður og sjúkraflutningamaður.




VELKOMIN ÖLL Í

Laufey









Laufey Bistró bíður upp a ljúffengan mat á mettíma.

Verslun Laufey bíður upp á helstu drykki og snarl ásamt minjagripum og fatnaði.

Kem-Power hraðhleðslustöðvar geta hlaðið allt að 8 bíla í einu.

Gagnvirk upplýsingaborð um þjónustu í Eyjum ásamt áætlun Herjólfs.

Hreinustu almenningssalerni í heimi fá öll kyn til að pissa sitjandi.

Eyjamenn eru sérstaklega boðnir velkomnir í Laufey, veiðikofa Vestmannaeyja á Norðurey.

Tímamót hjá Grunnskóla Vestmannaeyja

SALKA SÓL ÖRVARSDÓTTIR
salka@eyjafrettir.is

Frá og með skólaárinu sem nú er að hefjast verða Hamarsskóli og Barnaskóli Vestmannaeyja reknir sem tvær rekstrareiningar í stað einnar. Þeir munu þó vinna saman áfram undir heitinu Grunnskóli Vestmannaeyja og verða áfram með sömu stefnur og áherslur. Skólinn verður settur föstudaginn 23. ágúst og hefst kennsla samkvæmt stundaskrá mánudaginn 26. ágúst. Eyjafréttir heyrðu í Önnu Rós Hallgrímsdóttur og Einari Gunnarssyni en Einar verður við stjórnvölinn í Barnaskóla og Anna í Hamarsskóla.

Allir bekkir í Hamarsskóla komnir í Kveikjum neistann

„Komandi vetur leggst vel í okkur í Hamarsskóla. Við erum þéttur og góður starfsmannahópur með bæði nýju og reynslumiklu starfsfólki. Framundan er að halda áfram með Kveikjum neistann, nú eru allir bekkir í Hamarsskóla komnir í verkefnið og mun skólinn þá einkennast af því,“ segir Anna Rós.

„Við viljum halda áfram því góða starfi sem á sér stað, að allir nemendur fái nám við hæfi, efli sjálfstraust sitt og líði vel. Víkin leikskóladeild er að fara í gang og þar á sér stað öflugt og gott starf sem er gríðarlega mikilvægur undirbúningur fyrir skólann. Frístundaverið opnar einnig þann 16. ágúst, við erum komin með nýja umsjónarkonu þar og hlökkum til komandi vetrar með fullt af nýjungum og flottu starfi.“



Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri Hamarsskóla.

Vilja að nemendur hafi þrautseigju og trú á sjálfum sér

„Mesta breytingin er fyrir mig, þar sem ég var áður skólastjóri yfir báðum skólum en núna verð ég í Hamarsskóla og Einar Gunnarsson verður skólastjóri Barnaskóla. Í Hamarsskóla er einnig 5 ára deildin, Víkin og Frístundaver sem heyra undir skólastjóra og eru hluti af Hamarsskóla. Það verður spennandi fyrir mig að geta einbeitt mér betur að þessum einingum sem og skólastarfinu og gera betur í að búa til góða heild í Hamarsskóla.“

Nú er fjórði árgangurinn að koma inn í Kveikjum neistann. Hvað er að frétta af verkefninu?

„Það er mjög gott að frétta af verkefninu, okkur gengur vel að ná þeim markmiðum sem við leggjum upp með. Niðurstöður hafa verið góðar í öllum árgöngum og við teljum okkur vera á góðri leið. Við viljum leggja okkar að mörkum í að lyfta öllum upp og að nemendur frá okkur komi sterkir út úr skólanum, með góða grunnfærni og þar með góða möguleika á að bæta við sig þekkingu. Við viljum líka að þeir hafi þrautseigju og seiglu, trú á sjálfum sér og góða hreyfifærni. Við teljum að hreyfingin skipti miklu máli og við erum alltaf að leita leiða til að bæta henni frekar inn.“

Skólinn og heimilin þurfi að vinna í takt

„Markmiðið er alltaf að gera okkar allra besta í að mennta nemendur sem hjá okkur eru. Að skila þeim frá okkur með góðum árangri. Við viljum leggja mikla áherslu á lestur og markmiðið í Kveikjum neistann er að 80% nemenda séu læs eftir 2. bekk og okkur hefur tekist vel upp og við viljum halda því og gera betur. Það er gríðarlega mikilvægt að nemendur nái góðum tökum á lestri og lesskilningi,“ segir Anna Rós að endingu sem hlakkar til komandi vetrar og til að eiga góða samvinnu með nemendum og foreldrum. Hún minnir á að þetta er eitt stórt samvinnuverkefni og að skólinn og heimilin þurfi að vinna í takt til að ná því besta út úr hverjum og einum nemenda.

Margt forvitnilegt framundan hjá Visku

Haustdagskrá Visku 2024 er orðin nokkuð skýr og margt spennandi í boði. Að sögn Minnu Ágústsdóttur, forstöðumanns verða íslenskunámskeiðin á sínum stað og hefjast vikuna 9.-13. september. Kennt er tvisvar í viku og eru þetta 40 stunda námskeið bæði á level 1 og 2.

„Sara Vilbergsdóttir kemur til okkar með námskeið í pappamassagerð sem er tilvalið fyrir alla sem vilja virkja listamanninn í sér og einnig mjög sniðugt fyrir fólk sem starfar með börnum” segir hún og bætir við að námskeiðið sé helgina 14. og 15. september.

„Betri tjáning – örugg framkoma með Sirrý Arnardóttur verður á dagskrá í september. Hún hefur mikla reynslu af námskeiðum af þessu tagi og skrifað fjöldann allan af bókum þessu tengdu.

Góð heilsa – orkan í topp með Þorbjörgu Hafsteinsdóttur verður svo 4. og 5. október en það er námskeið sniðið að konum á aldrinum 35-65 ára og farið er yfir heilsufar kvenna á mismunandi aldursskeiði.

Förðunarnámskeið með Mæju verður einnig á sínum stað þann 12.október en nú ætlar hún að bjóða upp á námskeið fyrir byrjendur. Námskeiðin hennar hafa verið gríðarlega vinsæl síðastliðin ár.”

Fyrsta karlaráðstefnan

Einnig ætlum við að bjóða upp á skyndihjálparnámskeið þar sem fólk fær réttindi til tveggja ára. Eyjamaðurinn Egill Aron Gústafsson ætlar að koma til okkar 5. október.

Á döfinni verða líka stutt og skemmtileg tómstundanámskeið sem eiga eftir að detta inn. Það er gaman að segja frá því að Viska hefur nú farið í samstarf við Fisktækniskóla íslands þar sem boðið

Áframhaldandi áhersla á framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar í skólamálum

„Það eru spennandi tímar framundan. Við erum að fara í þessar breytingar að skipta skólanum í tvo skóla sem eru breytingar sem snerta nemendur eða foreldra lítið þannig séð. Breytingarnar felast helst í breyttum áherslum innanhús hjá okkur sem hafa lítil áhrif á upplifun foreldra og nemenda," segir Einar sem er skólastjóri Barnaskóla.

„Við munum halda áfram að efla þá þætti sem tilgreindir eru í framtíðarsýn Vestmannaeyja í skólamálum. Tæknimennt, sem er einn þáttur framtíðarsýnarinnar hefur gengið vel og við erum með verkefnastjóra í því sem er búinn að standa sig rosalega vel og keyrir þetta áfram af mikilli elju og fagmennsku. Við erum að nálgast að allt starfsfólk er komið á tæknivagninn og það er mikil gróska þar. Svo eru það hinir þættirnir, þ.e stærðfræðin og íslenskan, sem við ætlum að efla enn frekar."

Námfús tekur við af Mentor

„Við erum að skipta um námskerfi sem við notum. Við höfum verið að nota Mentor en við erum að fara að taka upp nýtt kerfi sem heitir Námfús og við náum mjög líklega að koma því á laggirnar núna strax í byrjun skólaársins. Námfús er svipað kerfi og Mentor en það verður örlítil breyting fyrir foreldra að vinna með það. Kostir Námfús eru miklir til að efla starf-



Einar Gunnarsson, skólastjóri Barnaskóla Vestmannaeyja.

semi okkar og ég er ekki í neinum vafa um að okkar öflugi foreldrahópur sem og kennarahópur taki þessari breytingu vel."

Börnin borða frítt

Eins og greint hefur verið frá samþykkti bæjarstjórn fyrr í sumar að boðið verði upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir grunnskólabarna frá og með haustinu. „Þetta verður möguleg áskorun fyrir okkur í Barnaskólanum. Þetta snertir Hamarsskóla lítið því að þar eru nánast öll börn í mat alla daga en í Barnaskólanum eru ekki nærri því allir nemendur í mat. Núna munu líklega flestir nemendur vera í mat og það verður áskorun að mæta því, bæði vegna aðstöðunnar og að koma í veg fyrir matarsóun. Við höfum að undanförnu verið að huga að og móta einhvers konar skráningarkerfi sem kynnt verður foreldrum á næstunni, aðallega til að koma í veg fyrir matarsóun og að halda utan um hlutina," segir Einar sem bætir við að það skipti þó miklu máli að nemendur séu vel nærðir þegar þeir stunda nám í skólanum.

GRV verður áfram símalaus skóli

Í byrjun síðasta skólaárs var ákveðið að gera GRV að símalausum skóla. „Við tókum þessa ákvörðun á sínum tíma og vissum ekki alveg við hverju mátti búast en það voru auðvitað einhverjir nemendur ósáttir eins og gefur að skilja. En mér sýnist og heyrist á flestum nemendum að þeim finnist þetta bara fínt. Við þurftum aðeins að auka við afþreyingu í frímínútum og við megum kannski gera enn betur í að finna fjölbreytta afþreyingu fyrir nemendur í frímínútum. Fyrst þegar skólinn varð símalaus fundum við fyrir meiri hávaða í frímínútum á unglingastigi en það er bara jákvætt því þá eru nemendur í meira mæli að spjalla saman og leika sér eins og eðlilegt er fyrir börn og unglinga. Þannig að þetta hefur bara gengið vel og við erum alveg á þeim buxunum að halda áfram. Við megum kannski finna einhverjar leiðir í samráð við nemendaráðið og nemendur ef það er eitthvað fleira sem við getum boðið þeim upp á í frímínútum," segir Einar.

Vestmannaeyjabær er skólabær

Einar er fullur tilhlökkunar fyrir veturinn að mæta þeim verkefnum og áskorunum sem fylgja því að halda uppi góðu skólasamfélagi. „Hér í Vestmannaeyjum eigum við ótrúlega mikinn auð í starfsfólki skólanna, foreldrum sem eru vel vakandi yfir því að nemendum líði sem best og nái árangri í sínu námi." Einar hefur verið aðstoðarskólastjóri síðastliðin sex ár og er því kunnugur skólasamfélaginu. „Ég hef fundið á þessum tíma mínum í Eyjum að allir aðilar sem koma að skólamálum hér eru metnaðarfullir og vinna fyrir nemendur af heilum hug. Við búum við mjög öflugt starfsfólk skólanna, öflugt fólk í skólaþjónustunni, bæjarstjórn sem lætur sig skólamál varða og ekki síst frábæra foreldra en allir þessir aðilar eru reiðubúnir að leggjast á árarnar með okkur til að nemendur í GRV þroskist og eflist bæði námslega og félagslega… sem er bara frábært," segir Einar að endingu.

verður upp á nám í Fiskeldistækni á framhaldsskólastigi.

Í fyrsta skipti verður síðan haldin karlaráðstefnan Skjöldur þann 19. október. Metnaðarfull og skemmtileg dagskrá er nú tilbúin og byrja skráningar í byrjun september. Kvennaráðstefnan hefur nú fest sig í sessi og gaman að gera slíkt hið sama fyrir drengina okkar" segir Minna og bendir á að allar skráningar fari fram í gegnum heimasíðu Visku – viskave.is og fyrir frekari upplýsingar er hægt að hafa samband í tölvupósti á netfangið viska@viskave.is.

Minna Ágústsdóttir
forstöðumaður Visku



Ljúfur vetur framundan í FÍV

Byrja skólann á japanskri þemaviku með gestum frá Kawasaki

Nemendur klárari en fyrir tíu árum

SALKA SÓL ÖRVARSDÓTTIR
salka@eyjafrettir.is

„Árið leggst vel í okkur og ég held að þetta verði ljúfur og krefjandi vetur. Við erum alltaf að vinna með grunnþætti menntunar og höfum verið að vinna mikið með lýðræðið og sjálfbærni en núna verður í byrjun annar áhersla á fjölmenningu og byrjar skólaárið með japanskri þemaviku og fáum hingað gesti frá Japan," segir Helga Kristín Kolbeins, skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, en skólinn á sér systurskóla í japönsku borginni Kawasaki.

Skólinn tók aftur til starfa eftir sumarleyfi í síðustu viku og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá mánudaginn 19. ágúst.

Aukning nemenda í ár

„Nemendafjöldinn er meiri en hann hefur verið undanfarin ár og eru innritaðir nemendur í haust 260 en á sama tíma í fyrra voru þeir 220," segir Helga Kristín. „Það eru ekki miklar breytingar á starfsmannahaldi en eins og gengur og gerist þá eru einhverjir sem fara í leyfi og aðrir sem koma úr leyfi. Svo erum við alltaf með stundakennara úr atvinnulífinu sem koma og aðstoða okkur."



Helga Kristín er ánægð með fjölgun nemenda á nýju skólaári.

Undanfarin ár hefur ólæsi drengja við útskrift úr grunnskóla verið mikið í umræðunni. Hafið þið áhyggjur af strákunum?

„Höfum ekkert meiri áhyggjur af þeim en stúlkunum. Sumir nemendur þurfa stuðning og aðrir ekki. Það er mjög misjafnt eftir árum hvort það sé kynjamunur á hverjir það eru sem þurfa stuðninginn. Í ár þurfa fleiri stúlkur meiri stuðning, í fyrra voru það fleiri drengir. En það er kannski áhyggjuefni hversu margir þurfa undirbúningsnám áður en þeir geta hafið það nám sem hugur þeirra stefnir til. En það eru miklu fleiri sem koma í nám í dag en áður þannig að samanburðurinn er líklegast ekki raunhæfur. Það eru einnig mun fleiri að útskrifast og þá er það sama með kynjamuninn, um jólin í fyrra þá voru tvær stúlkur í 30 manna útskriftarhópi en í vor voru þær 20 í 29 manna útskriftarhópi. Sama á við um brotthvarf, ekki nein regla um hvert kynjahlutfallið er því það er mjög breytilegt. Með lestur gildir sama regla og um annað sem einstaklingurinn þarf að ná færni í, það þarf æfingu og það þarf mikla æfingu til að ná þeirri færni til að hafa ánægju af því að lesa" segir Helga.



Iðnnám er í stórsókn í Framhaldsskólanum.

Meistaraskóli settur á laggirnar

„Við erum að fara af stað með meistaraskólann sem er nýjung í námsframboði hjá okkur. Þeir sem hafa lokið sveinsprófum geta tekið meistararéttindin hérna í Vestmannaeyjum og við finnum mikinn áhuga fyrir því. Iðnnámið hjá okkur er að aukast og því ánægjulegt að geta boðið upp á framhaldsnám að loknu sveinsprófi. Að öðru leyti erum við með sambærilegt námsframboð og síðastliðin ár. Það eru iðnnámsbrautirnar sem eru að vaxa en bóknámsbrautirnar standa í stað. Í iðn- og starfsnámi er verið að kenna húsasmíði, grunndeild byggingarmanna, grunndeild rafiðna, vélstjórn og sjúkraliðann. Við erum einnig að kenna lokaárið í pípulagningum."

Sækja í að mæta í skólann

„Hvernig nemendum okkar gengur í áframhaldandi námi eru ekki til nein opinber gögn um. En við fylgjumst samt með þeim og við sjáum að þeim gengur yfirleitt vel." segir Helga um gengi nemenda úr FÍV í háskólanámi. „En maður hefur áhyggjur af háskólunum, hvað sé að gerast þar, því það hefur komið fram í samtölum okkar við rektor HÍ að hann hefur áhyggjur af samverunni því að mætingin er að dala. Þessi samvera og félagsþroski er mikilvægur og við finnum það hjá okkur að nemendur vilja mæta í skólann og að vera í skólanum," segir Helga Kristín.

Hún segir nemendur í dag ekki síður gáfaðri en fyrir tíu eða fimmtán árum. „En kannski ekki endilega á þeim sviðum þar sem við erum að meta þá. Til dæmis þá vita nemendur í dag allt um sóttvarnir, veirur, einangrun og bara nefndu það. Þeir eru mjög meðvitaðir um umhverfis- og loftslagsmál og gera sér mikla grein fyrir ábyrgð sinni en við erum ekkert endilega að spyrja um það á prófi. Svo finnst mér líka vera meiri virðing fyrir náunganum og nemendur passa meira upp á hvort annað, að skilja ekki útundan og þeir átta sig á hvað einelti er alvarlegt."

Yfir 90% nemenda líður vel í skólanum

„Við erum með árlegar mælingar sem heitir Skólapúlsinn sem lagður er fyrir alla nemendur. Það er utanaðkomandi aðili sem mælir og þarna kemur í ljós hvernig nemendum líður í skólanum," segir Helga Kristín en yfir 90% nemenda sögðust líða vel í skólanum þegar lögð var fram könnun á síðasta skólaári. „Svo erum við líka með okkar eigin mælingar í áföngum og við sjáum að þau eru langflest ánægð í flestum áföngum en auðvitað eru alltaf einhverjar undantekningar."

Ertu með ráð til þeirra sem hefja nám í haust?

„Stunda námið vel, mæta og fylgja leiðbeiningum. Maður sér alveg að nemendur sem eru virkir í kennslustundum, læra fyrir tímana og nýta veru sína vel hérna í skólanum þeim gengur miklu betur, en ef þú ert ekki virkur í kennslustundum þá er mun meira heimanám sem liggur fyrir," segir Helga Kristín að endingu.

Hent í djúpu laugina á fyrsta degi í starfi




Auðbjörg Halla Jóhannsdóttir
Fæðingardagur: 2. maí 1979.
Fjölskylda: Gift Hallgrími Steinssyni og eigum við þrjár dætur: Unni Birnu, Hrafnhildi og Önnu Steinunni, tvo tengdasyni og eitt barnabarn, hana Aþenu Mey sem er mánaðar gömul.
Hvað kennir þú? Ég kenni margar greinar: spænsku, sálfræði, félagsfræði, uppeldisfræði og síðan sé ég um öll lokaverkefnin á stúdentsbrautum.
Manstu eftir fyrsta skóladegi þínum í framhaldsskóla? Nei, reyndar ekki en ég er viss um að hann hafi verið mjög skemmtilegur og fullur af tilhlökkun með mínum bestu vinum.
Hver var uppáhalds kennarinn þinn? Á marga uppáhalds kennara en ætli ég verði ekki að segja að Baldvin og Elliði Vignis hafi verið mínir uppáhalds í framhaldsskóla.
Hvað var uppáhalds fagið þitt? Sálfræði og í raun allar félagsgreinarnar og spænska.
Hvernig var fyrsti skóladagurinn sem kennari? Hann var smá stressandi en mjög skemmtilegur. Ég fór í raun að kenna fyrr en ég hafði ætlað mér. Málið er að ég þurfti að fara í æfingakennslu út af náminu mínu og fór til Óla skólastjóra. Þá spurði hann mig einfaldlega hvort ég treysti mér til að kenna sálfræði því sálfræðikennarinn hefði fengið brjósklos og hann væri í miklum vanda. Þetta var á mánudegi og ég byrjaði kennslu á miðvikudegi alveg óreynd en þetta gekk einhvern veginn allt upp og hér er ég enn að kenna í FÍV.
Hvað er það besta við starfið? Samskipti við nemendur og samstarfsfólk. Það er mjög gefandi að vinna með ungu fólki og sjá hvernig þau þroskast á þeim árum sem þau eru í skólanum. Ungt fólk er svo skemmtilegt og það er gaman að fá að umgangast þau, gefa þeim ráð út í lífið (held þau séu stundum smá þreytt á mér) og fá svo að fylgjast með þeim mörgum fara út í lífið.
Ertu með einhver ráð til nýnema? Byrja strax á fyrsta degi að vinna í skólanum og auðvitað redda sér bókunum. Einnig er mikilvægt að læra á tölvukerfi skólans, notum Microsoft hugbúnaðinn (Word, Excel…) og þau kunna mörg hver ekki á hann. Endilega biðjið foreldra ykkar um að sýna ykkur hvernig á að vista skjöl og þessi grunnatriði, flest vandræðin fyrstu dagana tengjast tölvumálum. Síðan er bara að muna að njóta og kynnast kennurunum og umhverfinu.

Í brekkusleik við ýsugrey á busadeginum

Jónas Bergsteinsson
Fæðingardagur: 11. júlí 1993.
Fjölskylda: Ég á unnustu sem heitir Sara Rós Einarsdóttir eftir minni bestu vitund. Við eigum saman fjögurra ára nafna afa síns, Bergstein Bóas, og einn tveggja ára Hróa Snæ. Það er fjör á heimilinu.
Hvað kennir þú? Ég kenni greinar í grunndeild rafiðna og stærðfræði.
Manstu eftir fyrsta skóladegi þínum í framhaldsskóla? Nei, get ekki sagt það. En ég man vel eftir busadeginum, sem var með fyrstu dögunum. Það var skemmtileg þjóðhátíðarstemning. Kokteilsósu-lýsisblanda í gamalli kókflösku og brekkusleikur við ýsugrey í góðum félagsskap.
Hver var uppáhalds kennarinn þinn? Það er engin tilviljun að Gunnar Friðfinnsson hefur verið valinn besti kennarinn árlega frá stofnun lýðveldisins. Hann er líka með mínum betri vinum í dag.
Hvað var uppáhalds fagið þitt? Stærðfræði. Það er eitthvað svo merkilega skemmtilegt við það að geta leyst milljón mismunandi vandamál með því að þekkja nokkrar reikniaðferðir.
Hvernig var fyrsti skóladagurinn sem kennari? Eiginlega tómt vesen. Ég var í covid-einangrun og fyrstu dagarnir voru samtíningur af reddingum til að láta allt ganga upp. En það jákvæða við það var að ég var ef til vill mun fljótari að komast á beinu brautina þegar allt fór í eðlilegt horf aftur, sem er brekka fyrir marga nýja kennara.
Hvað er það besta við starfið? Ég hef upplifað fátt jafn gefandi og að hjálpa nemendunum að ná markmiðum sínum og vaxa og dafna. Að fá borgað fyrir það er pínu súrrealískt. Það blandast svo einkar vel með frábæru samstarfsfólki og góðum tíma með fjölskyldunni.
Ertu með einhver ráð til nýnema? Skila öllu og spyrja ógeðslega mikið af spurningum.



Á LEIÐ Í FRAMHALDSSKÓLA:



Ingi Þór Lúðvíksson
Fjölskylda: Mamma mín og pabbi heita Ingibjörg og Lúðvík, síðan á ég þrjú systkini sem heita Anna María, Arnar Þór og Þórey.
Í hvaða skóla ætlar þú? FÍV.
Af hverju varð hann fyrir valinu? Gott að geta búið hjá mömmu og pabba og þurfa ekki að hugsa um að flytja út svona snemma.
Kom einhver annar skóli til greina? Nei, eiginlega ekki.
Ertu spenntur fyrir því að byrja? Já, mjög spenntur fyrir þessu öllu.
Hverjar eru væntingar þínar til skólans og námsins? Að þetta verði gaman og að ég muni læra eitthvað nýtt.
Hefur þú einhverja hugmynd um hvað þú vilt starfa við í framtíðinni? Já, stefni á að verða rafvirki.



Tinna Mjöll Frostadóttir
Fjölskylda: Foreldrar mínir eru Ingibjörg Grétarsdóttir og Frosti Gíslason og svo á ég þrjár systur sem heita María Fönn, Bjartey Dögg og Sandra Dröfn.
Í hvaða skóla ætlar þú? FÍV.
Af hverju varð hann fyrir valinu? Ég fæ frían gististað á eyjunni.
Kom einhver annar skóli til greina? Já, Versló kom einnig til greina.
Ertu spennt fyrir því að byrja? Já, ætli svo sé ekki, en með því fylgir svolítið stress.
Hverjar eru væntingar þínar til skólans og námsins? Ætli þær séu ekki bara að þetta verði mjög skemmtileg ár og vonandi kem ég klárari út heldur en ég er núna.
Hefur þú einhverja hugmynd um hvað þú vilt starfa við í framtíðinni? Ég er ekki alveg viss en mögulega sjúkraflutningar eða lögregla.



Kári Snær Hlynsson
Fjölskylda: Mamma mín heitir Ingibjörg Ósk Þórðardóttir, pabbi minn heitir Hlynur Ágústsson, ég á einn bróður sem heitir Þórður Ágúst og kisu sem heitir Yrja.
Í hvaða skóla ætlar þú? Ég ætla í Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og læra smiðinn.
Af hverju varð hann fyrir valinu? Ég valdi hann bara því ég á heima í Vestmannaeyjum og ekkert mál að komast inn í skólann hérna.
Kom einhver annar skóli til greina? Hafði smá áhuga á að fara í Tækniskólann til að læra að verða klippari en það verður bara að gerast seinna.
Ertu spenntur fyrir því að byrja? Já, ég er bara frekar spenntur. Spennandi að fara í nýtt umhverfi og prófa eitthvað nýtt.
Hverjar eru væntingar þínar til skólans og námsins? Ég veit hreinlega ekki hvað ég á að búast við. Pottþétt mikið af heimavinnu.
Hefur þú einhverja hugmynd um hvað þú vilt starfa við í framtíðinni? Ég ætla að verða handboltamaður og klippari, svo þegar ég hætti í handbolta þá verð ég smiður.



Klara Káradóttir
Fjölskylda: Foreldrar mínir eru Kári Kristján Kristjánsson og Kristjana Ingibergsdóttir. Ég á líka einn lítinn bróður sem heitir Kristján Kári og köttinn Kút.
Í hvaða skóla ætlar þú? Ég ætla að fara í FÍV.
Af hverju varð hann fyrir valinu? Hann hentaði mér best, bæði er þetta frábær skóli, mamma mín er að vinna þarna og svo er ekki verra að ég bý við hliðina á skólanum.
Kom einhver annar skóli til greina? Nei, langaði bara í FÍV.
Ertu spennt fyrir því að byrja? Ef ég á að vera alveg heiðarleg þá er ég meira stressuð en spennt fyrir skólanum en er vissulega spennt að fara í nýjan skóla.
Hverjar eru væntingar þínar til skólans og námsins? Mínar væntingar eru fyrst og fremst að það verði skemmtilegt og líka að námið sé fjölbreytt og áhugavert. Ég er viss um að ég verði ekki fyrir vonbrigðum.
Hefur þú einhverja hugmynd um hvað þú vilt starfa við í framtíðinni? Ég er ekki viss hvað mig langar að gera í framtíðinni en veit bara að ég ætla mér að ná langt í handboltanum og svo finn ég út úr hinu seinna.

Verðum að halda í það litla sem við höfum

Opnunartíminn styttur í ljósi samdráttar ≡ Sem betur fer les fólk enn



Erla Halldórsdóttir, Oktawia Piwowarska og Ingunn Anna Jónsdóttir.

SALKA SÓL ÖRVARSDÓTTIR
salka@eyjafrettir.is

„Það kom út mikið af skemmtilegum bókum núna í vor og sumar og það er búin að vera fín bóksala hérna. Fólk er sem betur fer enn að lesa,“ segir Erla Halldórsdóttir, verslunarstjóri Eymundsson. Skólarnir eru að byrja og skiptibókamarkaðurinn er kominn á fullt en þar er tekið á móti notuðum námsbókum sem kenndar eru samkvæmt námsskrá framhaldsskóla gegn útgáfu inneignarnótu.

„Ef að krakkar koma snemma til mín þá á ég notaða bók í næstum hvert einasta fag, en svo náttúrulega klárast það bara,“ segir Erla en oft bíða nemar fram á síðustu stundu með að útvega sér bækur fyrir önnina.

Bregðast við samdrætti með breyttum opnunartíma

Aðspurð segist Erla vilja að sumarið hefði gengið betur en í ljósi þess að samdráttur hefur verið í sölu þá hefur verið ákveðið að bregðast við því og stytta opnunartímann. Frá og með sunnudeginum 25. ágúst verður lokað klukkan fimm alla virka daga og opið ellefu til þrjú á laugardögum.

„Það var þó nokkuð mikið af skemmtiferðaskipum sem sigldu framhjá í sumar en þau skipta mig miklu máli. Dagur hjá mér er mjög góður þegar við fáum stór skip en þá er salan góð og mikið líf og fjör. En við ætlum að skoða hvernig gengur í vetur og þá bara aukum við opnunartímann ef við sjáum að það sé allt í lagi,“ segir Erla en leiðindaveður og fækkun farþega í Herjólf spilar líka þátt í samdrættinum. Áður hefur verið greint frá að Herjólfur flutti 75.489 farþega í júlí sem er 14.282 farþegum minna en fluttir voru sama mánuð árið áður.

Væri enginn bær án verslana

Það hefur margt breyst í verslunarumhverfinu síðustu ár. Eymundsson er með netverslun og margir sem nýta sér það. „Fyrirtæki senda mér póst/hringja og ég kem með vörurnar til þeirra. Ef að við ætlum að halda verslunum í Vestmannaeyjum þá er svo mikilvægt að fyrirtæki og Eyjafólk versli við okkur,“ segir Erla sem er þakklát fyrir sína tryggu viðskiptavini. „Mörg fyrirtæki í Eyjum hafa staðið við hlið mér og þeir hjá Pennanum hafa verið mjög skilningsríkir með að láta þetta ganga,“ segir Erla en bætir við að það þurfi að ganga mikið betur en það gerði í sumar.

„Það er einlæg ósk mín að verslun haldist í Eyjum um ókomna tíð. Bærinn væri frekar litlaus án þeirra,“ segir Erla að endingu.


Allt fyrir skólann

Gerum skólann skemmtilegri

30% afsláttur



Nestisbox
Verð 2.399 Kr.



Tússpenni Fineliner
Tilboðsverð 440 kr.
Verð áður 629 kr.



Pluto blýantur
Verð 189 Kr.



Strokleður svart
Tilboðsverð 279 kr.
Verð áður 399 kr.



Drykkjarbrúsi
Verð 2.399 Kr.



20% afsláttur

Límstifti Uhu
Tilboðsverð frá 575 kr.
Verð áður frá 719 kr.

20% afsláttur



Stílabók A5+ Oxford Touch Línustrikuð
Tilboðsverð 1.359 kr.
Verð áður 1.669 kr.



26% afsláttur*

*Mennt er máttur 5 í pk
Tilboðsverð 3.659 kr.
Verð áður 4.945 kr.

Tilboðin gilda til og með 26. ágúst og gilda ekki með öðrum tilboðum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is
482-3683

vestmannaeyjar@penninn.is
Bárustígur 2

PENNINN Eymundsson

Snickers® WORKWEAR

HÁGÆÐA VINNUFÖT FÁST HJÁ OKKUR - HÆGT ER AÐ ÚTVEGA ALLSKONAR KLÆÐNAÐ Í HINUM ÝMSU STÆRÐUM



MIÐSTÖÐIN

Strandvegur 30 / 481 1475
www.midstodin.is / midstodin@midstodin.is

Tyrkjaránið hefur átt hug hans allan í þrjátíu ár

Reisubók Ólafs Egilssonar þýdd á mörg tungumál

Frásögnin er einstök

SALKA SÓL ÖRVARSDÓTTIR
salka@eyjafrettir.is

Adam Nichols er prófessor við Marylandháskólann í Bandaríkjunum en hann var staddur í Vestmannaeyjum í síðustu viku. Hann hefur, ásamt Karli Smára Hreinssyni, íslenskufræðingi, þýtt Reisubók Ólafs Egilssonar, sem er frásögn hins hernumda prests frá því ræningjarnir gengu á land í Vestmannaeyjum, af afdrifum hans í Barbaríinu og hvernig hann komast aftur heim til Eyja. Bókina hafa þeir gefið út nokkrum sinnum á ensku og einnig hefur þeim félögum tekist að fá hana þýdda á fjölmörg tungumál. Þannig hafa þeir gert frásögn séra Ólafs Egilssonar, sem er ein elsta frásögnin um hernuminn kristinn prest í löndum múslima, aðgengilega fyrir heiminn í fyrsta sinn. Einnig hafa þeir skrifað fjölda bóka um Tyrkjaránið, m.a. um alla þá staði á Íslandi þar sem Tyrkir gengu á land og sóttu sér þræla. Verið er að vinna að því að þýða bækurnar á íslensku fyrir markaðinn heima. Eyjafréttir tóku Adam tali.

Hvað fær þig til Vestmannaeyja?
„Við erum að taka upp myndband um Tyrkjaránið 1627. Við fórum á alla þá staði sem koma við sögu. Byrjuðum í Brimurð og færðum okkur upp í Ofanleiti og Kirkjubæ, niður á höfn og upp í Fiskhella og fleiri staði.“

Er eitthvað einstakt við frásögn Ólafs Egilssonar?
„Algerlega. Það sem gerir söguna einstaka eru smáatriðin sem séra Ólafur birtir okkur. Það eru til margar svokallaðar fangasögur, frásagnir Evrópubúa sem voru teknir til fanga af sjóræningjum frá Barbaríinu. En saga Ólafs er einstök vegna þess hve nákvæmlega hann lýsir atburðunum. Hann lýsir þeim smáatriðum sem engar aðrar fangasögur gera.“

Íslendingar veittu okkur mun meiri nákvæmni um þessa atburði en aðrar þjóðir

„Við vorum „heppin“ að sumir þeirra sem höfðu verið teknir til fanga og komust aftur heim voru útskrifaðir frá Skálholtsskóla. Á þessum tíma voru tveir skólar á Íslandi, einn í Skálholti og annar á Hólum í norðri. Það kom í ljós að nokkrir útskrifaðir menn frá Skálholtsskóla höfðu verið teknir til fanga og snúið aftur. Þeir skrifuðu um reynslu sína. Þeir Íslendingar sem eftir sátu heima skrifuðu einnig um reynslu sína. Og eins og allir vita eru Íslendingar líklega þeir læsustu í heiminum. Einn íslenskur fræðimaður skrifaði að „varla höfðu seglin á skipum sjóræningjanna horfið undir sjóndeildarhringinn, þegar Íslendingar hófu strax að krota af ákafa um það sem hafði gerst.“ Það er því meira til af smáatriðum um þessar árásir á Íslandi en í nokkru öðru landi. Ekkert annað land veitir okkur jafn mikla nákvæmni um sambærilega atburði. Það er sannarlega einstakt.“

Er áhugi á sögu Tyrkjaránsins erlendis?
„Já og við erum smám saman að efla þennan áhuga. Í fyrra var gefið út af Columbia háskólanum safn af fangasögum, sögum sagðar af Evrópubúum sem höfðu verið teknir til fanga af sjóræningjum frá Barbaríinu en komist aftur heim. Frásögn séra Ólafs fékk að vera í þessu safni og fyrir okkur var það áfangasigur.“

Bækur og þýðingar Adams og Karls um Tyrkjaránið hafa verið þýddar á mörg tungumál, t.d hollensku. „Við munum gefa út franska þýðingu mjög fljótlega. Einnig er til ítölsk þýðing á tveimur frumsömdum bóka okkar og grísk þýðing af Reisubók séra Ólafs Egilssonar.“

Smitaðist af draumi Karls

„Eitt af því fyrsta sem Karl sagði við mig þegar við hófum þessa vinnu okkar var að markmið hans væri að gera Tyrkjaránið þekkt um allan heim. Hann taldi að ránið og sagan væri það mikilvægur atburður að hún ætti skilið



Adam heimsótti Eyjar í síðustu viku til að taka upp fræðslu- og kynningarefni um Tyrkjaránið. *Mynd: Halldór B. Halldórsson*

sinn stall í mannkynssögunni og í heimsbókmenntum. Sagan var nánast óþekkt fyrir 30 árum. Fyrir utan Ísland höfðu mjög fáir heyrt um söguna. Draumur Karls var að bera hana út um allan heim. Og ég hef smitast af þessum draumi.“

Undarleg tilfinning á Keflavíkurflugvelli

Þegar ég kom til Íslands í fyrsta sinn og steig úr flugvélinni í Keflavík 1987 hafði ég þessa undarlegu tilfinningu um að ég væri kominn heim. Ég get ekki útskýrt þetta betur, ég hugsaði með mér að hér ætti ég heima.

Ég kenni á vegum Háskólans í Maryland sem hefur samning við bandaríska herinn. Á þeim tíma þegar herstöðin í Keflavík var starfandi bjó ég þar og kenndi áfanga í ensku. Einn áfanginn var um íslenskar fornsögur sem var mjög vinsæll. Þú getur rétt ímyndað þér, flestir nemendur mínir voru ungir karlmenn, og sögurnar voru fullar af ævintýrum, ofbeldi, slagsmálum og víkingum… og þeir elskuðu sögurnar.

„Þú ert að grínast, hvernig gat það gerst“

Ég komst að því að það væri hægt að fara í rútuferð til bæja þar sem atburðir Njáls sögu gerðust. Á ferðaskrifstofunni á herstöðinni var einhver peyi sem hét Karl Smári Hreinsson sem varð leiðsögumaður okkar. Við urðum fljótt góðir vinir og ég bauð honum að vera gestafyrirlesari í áfanganum mínum, og einn daginn sagði Karl „veistu, ég held að við ættum kannski að vinna saman að þýðingu á gömlu íslensku verki sem kallast Reisubók séra Ólafs Egilssonar og segir sögu um sjóræningjaárás frá Barbaríinu á Íslandi.“ Ég man að ég hugsaði með mér „sjóræningjar frá Barbaríinu? Á Íslandi? Þú ert að grínast, hvernig gat það gerst?“

Heimsfaraldurinn skapaði skilyrði til að skrifa

Það er langt síðan við byrjuðum þetta samstarf okkar, kannski 1994 eða 1995, en við höfum unnið að verkefninu síðan. Það tók langan tíma að ljúka fyrstu þýðingunni, og svo kom heimsfaraldurinn. Fyrir marga var faraldurinn hræðilegur, en fyrir okkur Karl bauð hann upp á afkastamikinn tíma því ekkert annað var hægt að gera nema að sitja og skrifa. Á 5 árum skrifuðum við 5 bækur.

Ísfélag hf auglýsir laust starf

Viðhaldsstjóri

í frystihúsi félagsins í Vestmannaeyjum

Starfið felst í umsjón með rekstri vélbúnaðar og tækja auk skipulags og stjórnunar viðhalds. Starfsemin sem fram fer í frystihúsinu er uppsjávarfrysting þar sem afköstin eru um 600 tonn á sólarhring og bolfiskvinnsla þar sem unnin eru 20-30 tonn af bolfiski á dag milli uppsjávarvertíða.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Vélgæsla og viðhald
- Mannaforráð í viðhaldshópi
- Skipulag og umsjón með viðhaldi og viðgerðum
- Rekstur vélbúnaðar, tækja og iðnstýrikerfa
- Skipulag efniskaupa vegna viðhalds og samskipti við birgja og þjónustuaðila

Hæfniskröfur
- Menntun á sviði vélstjórnar eða iðn-/tæknimenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af vélbúnaði
- Sjálfstæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar og geta til að leiða hóp
- Hæfni til að vinna undir álagi og lausnamiðuð hugsun
- Næm kostnaðarvitund
- Góð tölvufærni, þekking á teikniforritinu AutoCAD er kostur

Upplýsingar um starfið veitir Björn Brimar Hákonarson í síma 892-0215. Umsóknir skulu sendast á tölvupóstfangið bjorn@isfelag.is. Umsóknarfrestur er til 8. september 2024.

ÍSFÉLAG

Ísfélag hf. var stofnað árið 1901 og er elsta starfandi hlutafélag landsins. Félagið gerir út uppsjávarskip, frystitogara, bolfiskskip og krókabát. Félagið er með starfsstöðvar í Vestmannaeyjum, á Siglufirði, í Þorlákshöfn og á Þórshöfn.

SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS

SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Uppbyggingarsjóður

óskar eftir umsóknum í sjóðinn

UMSÓKNARFRESTUR
1. OKTÓBER, kl. 16:00

ATVINNA & NÝSKÖPUN

MENNING

NÁNARI UPPLÝSINGAR
www.sass.is/uppbyggingarsjodur

STARFSFÓLK ÓSKAST Í FRÍSTUND HAMARSSKÓLA

Frístundaverið óskar eftir að ráða frístundaleiðbeinanda veturinn 2024-2025.

Um er að ræða tvær til þrjár stöður frístundaleiðbeinanda.
Starfsmenn þurfa að geta hafið störf ekki seinna en 15.ágúst .

Frístundarverið er staðsett í Hamarsskóla og er starfrækt eftir hádegi alla virka skóladaga frá því að skóla lýkur og til 16:30. Einnig er opið á Frístund flesta daga þegar skólinn er lokaður frá 07:45-16:30. Starfsmenn koma til með að vinna í sumarfjörinu í sumrin.

Frístundaleiðbeinandi
Frístundaverið í Hamarsskóla óskar eftir því að ráða frístundaleiðbeinanda í 37,5 – 50% stöðu. Vinnutími er að jafnaði eftir hádegi á virkum dögum. Frá 13:00-16:00/16:30. Á sumrin vinnur starfsmaður í sumarfjörinu frá 09:00-16:00 á daginn og hækkar starfshlutfall eftir því.

Viðkomandi þarf að vera metnaðarfullur, ábyrgur, áhugasamur, lipur í samskiptum og tilbúin í samstarf með velferð og þroska nemenda að leiðarljósi. Reynsla af vinnu með börnum er æskileg.

Helstu verkefni
· Vinna með börnum
· Almenn umönnun barna
· Fylgd á íþróttaæfingar
· Hjálpar til að móta og framkvæma dagskrá
· Aðstoð við síðdegishressing
· Vinna með börnum

Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stavey/Drífanda.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 23. ÁGÚST.

Umsækjandi þarf að hafa náð 18. ára aldri. Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð. Laun miðast við og eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stavey/Drífanda.

Umsókn sendist á **annaros@grv.is** og nánari upplýsingar um starfið má nálgast hjá Sigurleifu Kristmannsdóttur eða núverandi umsjónarkonu frístundavers **sigurleif@grv.is**

Ekki er sótt um á sérstökum eyðublöðum en umsókn skal fylgja ferilskrá og rökstuðningur af hverju viðkomandi sækist eftir starfinu.

Hvatning er til allra áhugasama einstaklinga, óháð kyni, til að sækja um starfið skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr 150/2020.

Vestmannaeyjabær

Þjóðhátíðin 2024 meðal þeirra stærstu

SALKA SÓL ÖRVARSDÓTTIR
salka@eyjafrettir.is

Þjóðhátíðin í Eyjum 2024 tókst vel að mati þjóðhátíðarnefndar en veðurguðirnir létu finna fyrir sér. Veðrið var mikil áskorun og muna elstu menn ekki eftir jafn erfiðu veðri alla dagana á Þjóðhátíð en hátíðargestir létu það ekki of mikið á sig fá. Þjóðhátíðin í ár var ein af stærstu þjóðhátíðum sem haldnar hafa verið í Eyjum en 150 ár eru síðan fyrsta hátíðin var haldin en áætlað er að gestir hafi verið um 15.000.

Forseti Íslands á Þjóðhátíð

Fannst fyndið að sjá myndir af sjálfri sér í tjöldunum



Halla og eiginmaður hennar ásamt Lilju ráðherra og Írisi bæjarstjóra á setningu Þjóðhátíðar.
Mynd: Óskar Pétur Friðriksson

Vestmannaeyingar kunna að gleðja sig sem aðra

Halla hefur komið þrisvar sinnum áður á Þjóðhátíð og eru hennar bestu minningar frá brekkusöngnum og heimsóknum í hvítu tjöldin. Hún talar um Vestmannaeyinga sem einstaklega gestrisið og skemmtilegt fólk sem kunna sannarlega að gleðja sig sem aðra.


„Setningin var hátíðleg og fór fram í fallegustu sviðsmynd sem hægt er að hugsa sér. Gestir voru prúðbúnir og ræðumenn, lúðrasveitin og kórinn lyftu anda viðstaddra," segir hún. „Að öðrum ólöstuðum, þá var ræða prestsins ótrúlega skemmtileg, eiginlega eins og gott uppistand. Svo fannst mér satt að segja fyndið að sjá myndir af sjálfri mér í forsetatjöldum og reyndar víðar. Ekki auðvelt að venjast því!"

Gaman að hitta Palla í Mörk

„Það var tekið einstaklega hlýlega á móti okkur í hvítu tjöldunum. Þar nutum við góðra veiga og náðum að spjalla við unga sem aldna. Mér fannst sérstaklega skemmtilegt að hitta elsta sjálfboðaliðann, Palla í Mörk og fá jafnframt tækifæri til að hitta einn yngsta gestinn sem heillaði mig með brosi og hjali," segir Halla sem ætlar að reyna að koma aftur að ári.

Að endingu vildi hún koma á framfæri þakklæti til Vestmannaeyinga fyrir einstakan dugnað og gestrisni og fyrir að halda þessa mikilvægu hátíð ár eftir ár, sama hvernig viðrar og fyrir að gera það af miklum myndarskap.

Í tjaldinu hjá Magga og Önnu Huldu: Ellert Scheving, Magnús Rikarðsson, Árni Grétar, Emma Ástrós, Daníel Gauti Scheving, Bergur Fannar, Lára Heiður, Sara Sól Scheving, Unnur Helga, Þórunn Kolbrún, Eyþór, Anna Hulda Long og Sólveig Rut.



Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri
Almennt gekk vel

„Veðrið skapaði mjög krefjandi aðstæður með rigningu, roki og drullusvaði fyrir aðstandendur og sjálfboðaliða hátíðarinnar. Enn einu sinni sýndi allt þetta fólk sem stendur að hátíðinni að það er engin betri í að halda hátíð fyrir 15.000 manns á einum fallegasta stað í heimi. Stemmingin, gleðin og vináttan er engu lík þó að það rigndi," sagði Íris að lokinni þjóðhátíð.

„Því miður verða alltaf einhver slys á fólki og það er miður, þó svo að allt sé er reynt til þess að koma í veg fyrir það. Þjóðhátíðin okkar er einstök upplifun. Eyjamenn, gestir, listamenn og ÍBV með allt sitt fólk, gerir hátíðina að því sem hún er. Það er mikilvægt að varðveita söguna og siðina svo að hátíðin halda áfram í a.m.k. önnur 150 ár.

Takk ÍBV og allir þeir sem að hátíðinni koma! - Það eru töfrar inni í Herjólfsdal."

Halla Tómasdóttir tók við embætti forseta í byrjun mánaðar og var mætt degi síðar, ásamt eiginmanni sínum Birni Skúlasyni á setningu Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum. Hún ákvað að sitt fyrsta verk yrði að mæta á Þjóðhátíð áður en hún áttaði sig á því að 150 ár væru liðin frá fyrstu hátíðinni en segir þau tímamót hafa gert ákvörðunina enn skemmtilegri.

„Mér vitanlega hefur forseti ekki áður verið viðstaddur setningu Þjóðhátíðar, svo það var heiður að verða fyrst til þess," segir Halla sem er hrifin af því hvernig kynslóðir koma saman á Þjóðhátíð og njóta samveru. „Það er ekki á mörgum stöðum sem fjórar kynslóðir mætast úti í guðsgrænni náttúrunni, við matarborð drekkhlaðin þjóðlegum veitingum, á dansgólfinu og í brekkunni í samsöng á íslensku."

Lilja Dögg ráðherra á Þjóðhátíð

Stóð upp úr hvað heimamenn lögðu sig 110% fram við skipulag hátíðarinnar

Meðal gesta á Þjóðhátíð í ár var Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar-, viðskipta- og ferðamálaráðherra, sem fór með alla fjölskylduna til Eyja á sína fyrstu Þjóðhátíð. Þetta var þó ekki í síðasta skiptið sem að Lilja mætir í Dalinn en hún segist staðráðin í að snúa aftur á Þjóðhátíð. Lilja er gift Magnúsi Óskari Hafsteinssyni, hagfræðingi í matvælaráðuneytinu, og saman eiga þau tvö börn þau Eystein Alfreð og Signýju Steinþóru.



Lilja og fjölskylda létu veðrið ekkert á sig fá og voru mætt snemma í Brekkuna öll kvöldin.



Lilja Dögg og Helgi Björns í góðum gír á Slippnum.

Magnað hvað allir lögðust á eitt

„Ég var með miklar væntingar en mér fannst enn magnaðara að upplifa þetta," segir Lilja um hátíðina og bætir við hvað henni hafi fundist gaman að kynnast hvítu tjöldunum og fylgjast með umstanginu í kringum þau. „Það sem kom mér skemmtilega á óvart var hvað þetta er rosalega vel skipulagt. Ég vissi að þetta væri skipulagt en það var til dæmis alls konar sem ÍBV þurfti að leysa út af veðrinu. Ég fylgdist svolítið náið með því og fannst merkilegt hvað þau voru fljót til. Allir lögðust í verkefnin til að láta allt ganga upp."

„Brekkusöngurinn er auðvitað einstakur. En það sem stóð upp úr er líka öll samheldnin og samvinnan á Þjóðhátíð. Þetta er svo frábært skipulag og maður finnur hreinlega fyrir því sem gestur hvað heimafólk leggur sig 110% fram við að láta allt ganga upp," segir Lilja sem naut vel með fjölskyldu og vinum um helgina.

„Ég hefði viljað gera meira af því að fara í hvítu tjöldin en svo vildi maður náttúrulega líka horfa á dagskrána og við náðum okkur í góðan stað í Brekkunni öll kvöldin," segir Lilja sem er mikill aðdáandi Röggu Gísla og var hæstánægð með að fá hana. „Bubbi og Helgi Björns voru auðvitað líka mjög flottir, og svo náðu Auddi Blö og Co. upp mjög mikilli stemningu og stóð allur Dalurinn upp og dansaði."

Ein flottasta tónlistarhátíð landsins

„En það sem er svo merkilegt er að þegar var verið að halda upp á þúsund ára byggð landsins árið 1874 þá var auðvitað verið að halda þjóðhátíðir út um allt land, en þetta er sú þjóðhátíð sem hefur lifað og vaxið og dafnað í gegnum árin. Það finnst mér vera merkilegt sögulega og upp á menninguna. Þetta er ein flottasta tónlistarhátíð landsins og það að allt þetta flotta tónlistarfólk sé samankomið eina helgi í Vestmannaeyjum er alveg meirihátt-ar."

Fylgdi forsetanum í hvítu tjöldin

Halla Tómasdóttir tók við embætti forseta Íslands 1. ágúst sl. og var viðstödd setningu Þjóðhátíðar degi eftir innsetningu hennar í embættið, ásamt eiginmanni sínum honum Birni Skúlasyni. „Það var mjög ánægjulegt að fá að fylgja forsetanum í svona það fyrsta sem hún gerði út á landi, og fyrir mig sem menningarmálaráðherra að eitt það fyrsta sem forsetinn skuli hafa gert hafi verið að heimsækja þessa menningarhátíð sem Þjóðhátíð er" segir Lilja og bætir við að heimsóknin sé mikil viðurkenning fyrir allt það starf sem Eyjamenn leggja á sig fyrir hverja einustu Þjóðhátíð. „Mér þótti mjög vænt um að geta tekið þátt í því og að fara með henni og Írisi bæjarstjóra í öll tjöldin."

Fór í borgarann hjá Einsa

„Þetta er í þriðja sinn sem ég kem til Eyja það sem af er ári sem segir svona svolítið um minn hug til Vestmannaeyja," segir Lilja en hún var sérstakur gestur á Goslokahátíð og var meðal fyrirlesara á málþingi um stöðu héraðsfréttamiðla sem haldið var í tilefni 60 ára afmælis Eyjafrétta og Eyjar.net í byrjun júlí. Hún dáist af matarmenningunni í Eyjum og er dugleg að kíkja á það sem veitingastaðirnir hafa upp á að bjóða. „Iðulega erum við alltaf að fá okkur eitthvað sem tengist hafinu, en ég fékk mér reyndar mjög góðan borgara á Einsa Kalda í gær en Slippurinn er í sérstöku uppáhaldi hjá okkur hjónum," segir Lilja Dögg að endingu.





Smá pása. Ólafur Friðrik Ólafsson, Sverrir Bergmann, Daddi, Hreimur Örn, Jóhanna Guðrún, Klara Elías.



Rigningin getur verið góð: Anna Margrét Káradóttir, Valgerður Erla Óskarsdóttir, Emil Sölvi Brynjólfsson og Brynjólfur Ásgeir Brynjólfsson.

Á lúsmýið séns í Eyjar?

SALKA SÓL ÖRVARSDÓTTIR
salka@eyjafrettir.is

Bitvargurinn lúsmý hefur herjað á landann í að verða áratug núna og er orðinn fastagestur hjá fjölmiðlum á sumrin. Mikil umræða myndast um mýið hvert sumar og þá er ekkert haldið aftur af henni á Facebook-hópnum „Lúsmý á Íslandi“ sem er með hátt í sextán þúsund meðlimi. Þar deilir fólk reynslusögum af bitum, úrræðum og kortleggja útbreiðslu vargsins illvíga eins og það á til að vera kallað.

„Þessar flugur fjúka um allt land og þannig hafa þær borist hingað. Þannig hefur Ísland verið numið af skordýrum eftir ísöld, sennilega með loftstraumum. Lúsmý getur fundist í Eyjum en ég efast um að það geti sest þar að. Það myndi aldrei ná að fljúga, en það þarf að geta flogið og fundið maka og svo þarf það væntanlega að verpa í þá staði sem það heldur sig sem er þá vanalega votlendi. Það er mikið hraun hjá ykkur í Eyjum og þetta er ekki sá staður sem að logn er,“ segir Gísli Már Gíslason, prófessor emeritus í vatnalíffræði við Háskóla Íslands og geta Vestmannaeyingar því andað léttar.

Tveir millimetrar

Gísla Má þykir ólíklegt að agnarsmátt mýið geti nokkurn tímann sest að í Eyjum, en það er ekki nema tveir millimetrar að lengd og verður því að vera logn til þess að það getur flogið. „Við erum búin að velta mikið fyrir okkur á hverslags stöðum lúsmý hefur greinst,“ segir Gísli en unnið hef-



Klakgildrur eru notaðar til að finna hvar flugurnar klekjast.

ur verið við rannsóknir á mýinu síðustu tvö sumur og hafa nemar við Háskóla Íslands verið fengnir til starfa við þær.

Reynst hefur illa að finna hvar ungflugurnar klekjast út segir Gísli. „Við erum bara búin að finna einn stað þar sem það klekst og það var í Kjósinni úr volgum læk þar sem var afrennsli af hitaveitu.“

Út um allt nema á annesjum

„Ég verð var við það á logndögum og kvöldum, þegar hitinn er tíu gráður eða hærri,“ segir Gísli. Aðallega hefur það fundist inn til landsins og þá sérstaklega í kringum sumarbústaði sem eru byggðir í skóglendi. Lúsmýið greindist í fyrsta sinn á Austfjörðum í sumar en Gísli segir það brátt eiga eftir að breiða úr sér um allt land.

„Hún er komin út um allt nema á annesjum,“ segir Gísli en algengust er flugan í Kjósinni, Borgarfirði, Biskupstungum og Austur í Fljótshlíð. „Nú er hún einnig inn til Dala á Norðurlandi og nær austur á Akureyri, eða réttara sagt í Kjarnaskóg. Hún hefur líka fundist á Héraði og í Jökuldal og nokkur eintök hafa fundist í Tungudal á Ísafirði. Okkur var aldrei sent það en við fengum að vísu mynd af því og þetta virtist nú vera lúsmý, en það var á tjaldsvæðinu og gæti hafa verið inn í húsbíl og borist þannig. Fólk hefur líka orðið vart við það í Stykkishólmi.“

Kulmý mætti fyrst í Surtsey

„Við vitum ekki um neitt tilfelli af lúsmý í Vestmannaeyjum en það hafa fundist aðrar mýtegundir meira að segja út í Surtsey. En þetta er eitthvað sem hefur borist með vindi og skordýrafræðingar sem eru á ferð hafa séð það og hlupið á eftir því og veitt það. Fyrsta skordýrið sem veiddist í Surtsey var kulmý sem er mý sem kemur úr köldum ám og vötnum. Það hefur sennilega bara fokið út í eynna og fannst þarna fyrstu árin.“

Fólk kennir lúsmýi um allt

„Það er hægt að kaupa í apótekum þessa skordýrafælu sem menn bera á sig. Þær eru með efni sem deyfa lyktarskyn flugna og þá sækja þær ekki í fólkið. Flugurnar sækja í koltvísýringinn sem þú andar frá þér, það er það sem þær finna. Ef fólk er bitið þá selja apótekin líka smyrsl sem hægt er að bera á bitið og það deyfir kláðann. Síðan er það bara að sjá til þess að það berist ekki inn í hús því fólk er svo illa bitið á nóttinni,“ segir Gísli um ráð gegn biti.

Aðspurður segist hann hafa tengst hópnum um lúsmý á Facebook til að fylgjast með hvenær fólk byrjar að kvarta og vera vart við mýið. Annars höfum við sett gildrur hér í Fjósinni og við sjáum hvenær það kemur í gildrurnar. „En ég var var við á þessum hópum að sumstaðar var fólk að finna lúsmý snemma í vor en það hefur örugglega verið annað hvort flóabit, fengið fuglafló á sig, eða bitmý sem er algengt um allt land og klekst úr straumvatni og í miklu magni úr þeim ám sem koma úr stöðuvatni. Þau bit eru ekkert betri en lúsmýsbit. Fólk reynir að kenna lúsmýinu um allt,“ segir Gísli að endingu.



Guðfinna Dís er á leið á sitt þriðja ár í Líffræði við Háskóla Íslands. Hér er hún á námskeiði í Sandgerði í síðustu viku á vegum skólans að merkja og mæla sílamáva.

Lærdómsríkt og skemmtilegt tækifæri

Eyjamærin Guðfinna Dís Sveinsdóttir vann við rannsóknir við Háskóla Íslands í fyrrasumar þar sem markmiðið var að rannsaka lúsmý á Íslandi. Vinnuna fékk hún í gegnum Arnar Pálsson, prófessor í HÍ eftir að hafa setið námskeið í dýrafræði hryggleysingja. Rannsóknin fékk styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna annað sumarið í röð í ár.

„Markmiðið okkar með rannsókninni var að kanna flugtíma og klak lúsmýs, ásamt dreifingu og erfðafræði á mismunandi stöðum landsins. Við nýttum nokkrar mismunandi aðferðir til að safna sýnum og lögðum gildrur í mismunandi gerðum lands,“ segir Guðfinna Dís og bætir við að sumarið hafi verið mjög lærdómsríkt og skemmtilegt tækifæri til þess að fá reynslu í rannsóknarvinnu bæði í felti og í úrvinnslu á gögnum.

Guðfinna Dís er á leið á sitt þriðja ár í Líffræði við Háskóla Íslands. Hér er hún á námskeiði í Sandgerði í síðustu viku á vegum skólans að merkja og mæla sílamáva.



Lexus RX 450h+. RX er vinsælasti Lexusbíllinn á Íslandi. Hann fæst bæði sem tengiltvinnbíll og í Hybridútfærslu.

Lexusbílar vinsælir í Eyjum

„Lexus bílar hafa notið vinsælda í Vestmannaeyjum frá því þeir komu á markað hér á landi árið 2000. Við leggjum okkur fram um að standast allar þær kröfur sem eigendur Lexus eiga rétt á. Þetta kann Eyjafólk að meta þannig að sambandið er gott," segir Elías Þór Grönvold, sölustjóri Lexus á Íslandi og bendir á að nýjustu Lexusbílarnir henti einstaklega vel í Vestmannaeyjum.

„Til að byrja með er gaman að nefna að Lexus er með aflgjafa sem hentar öllum, sjálfhlaðandi Hybrid, Plug-in Hybrid og 100% rafmagni. Ég hef oft nefnt við Eyjamenn að líklega sé hentugast fyrir þá að vera á Plug-in Hybrid bíl, allur innanbæjarakstur er á rafmagni og enginn kvíði þegar þarf að halda í lengri ferðir en þá tekur Hybrid kerfið við þegar hleðslan klárast."

Helstu bílarnir sem eru seldir í dag eru Lexus RX, Lexus NX, Lexus LBX, Lexus RZ450e og Lexus UX300e. „Nýjasti meðlimur Lexus fjölskyldunnar er Lexus LBX, nettur jeppling-ur sem var valinn bíll ársins af



Elías Þór Grönvold.

bílafjölmiðlinum What car? sem eru bestu meðmæli sem ný gerð getur fengið. Glæsilegur bíll, bæði að utan og innan og hefur byrjað af krafti hér á Íslandi og mikil ánægja með hann. Lexus NX og RX eru svo Plug-in Hybrid bílar. RX er stærstur og NX númerinu minni. Gríðarlega skemmtilegir akstursbílar sem halda vel utan um ökumenn og farþega og búnir allri nýjustu tækni og öryggisbún-aði."

Henta vel í Eyjum

Elías Þór segir að Lexus leggi mikið upp úr glæsileika og gríðar-lega vönduðum frágangi í einu og öllu. Einnig er hvert smáatriði úthugsað, s.s. staðsetning takka í mælaborði, útsýni ökumanns, efnisval í innréttingum o.s.frv. „Lexus á Íslandi, að Kauptúni 6 er einn flottasti sýningarsalur landsins þar sem þjónustumóttaka o.fl. fer einnig fram.

Að sjálfsögðu geta Lexus-eigendur nýtt sér þjónustu hjá þjónustuaðilum Toyota og Lexus á Selfossi, Akureyri, Keflavík og víðar og þau skipti sem við kom-um til Eyja með þjónustuvikur. Hverjum og einum nýjum Lexus fylgir þriggja ára þjónusta, sjö ára ábyrgð og eins árs aðild af FÍB".

Elías Þór segir að Vestmanna-eyjar hafi verið og verði alltaf ofarlega á blaði hjá Lexus á Íslandi. „Það er greinilegt að ykkur líkar vel við bílana sem við höfum boðið upp á í gegnum árin. Við gerum miklar kröfur til okkar sjálfra og reynum hvað við getum að fara fram úr væntingum í einu og öllu. Þetta kunna kröfuharðir viðskiptavinir okkar að meta."

Þorgerður Anna og Svavar Kári ≡ Vel heppnað brúðkaup

Fullkominn dagur á Eyjunni fögru

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is



Hjónin Þorgerður Anna Atladóttir og Svavar Kári Grétarsson.
Mynd Guðbjörg Guðmannsdóttir.

Hjónaleysin Þorgerður Anna Atladóttir og Svavar Kári Grétarsson gengu í það heilaga 13. júlí í Landakirkju í Vestmannaeyjum og slógu upp mikilli veislu í Höllinni um kvöldið. Allt gert til að gera helgina sem eftirminnilegasta og einn þáttur var að fá Guðmund Guðmundsson til að mæta með brúðarbílinn eina sanna, Oldsmobile árgerð 1948 sem hann hefur átt í 30 ár.

Þorgerður Anna segir að helgin hafi á allan hátt staðist væntingar. „Við erum búin að vera saman síðan 2019 og eigum hann Patrik Leó sem verður þriggja ára í nóvember. Við erum bæði að mestu leyti alin upp á Akureyri og vorum í sama grunnskóla, Lundarskóla en leiðir okkar lágu saman síðar," segir Þorgerður Anna.

Svavar flutti til Vestmannaeyja eftir grunnskóla og varði mótunarárum sínum í Vestmannaeyjum en Þorgerður hefur verið í Reykjavík frá 13 ára aldri. „Bæði erum við vel tengd til Vestmannaeyja. Móðir Svavars er Lára Ósk Garðarsdóttir frá Vestmannaeyjum og amma mín var Jóna Steinsdóttir af Múla-ættinni.

Viðar prestur gaf okkur saman, stóð sig með stakri prýði og gerði athöfnina ógleymanlega samhliða þeim Unu og Kitty sem sáu um virkilega fallegan söng og undirspil. Eftir athöfnina var mikið rætt um létt og skemmtilegt andrúmsloft í kirkjunni og þótti okkur athöfnin heppnast fullkomlega," segir Þorgerður Anna og áfram hélt fjörið.

„Guðmundur bílstjóri keyrði okkur um Eyjuna á glæsikerrunni sinni í myndatökunni sem Guðbjörg Guðmanns sá um. Ásamt því að hafa bílinn stórglæsilega með í för þótti okkur alveg virkilega ánægjulegt að hafa Gumma sem bílstjóra því hann hefur svo yndislega nærveru sem lét okkur líða vel þegar við keyrðum á milli staða."

Í veislunni í Höllinni var engu til sparað. „Við vorum með úrvals fólk með okkur í liði að skreyta salinn dagana fyrir veisluna. Ásamt fjölskyldu og vinum, var umsjónarfólk Hallarinnar tilbúið að gera allt fyrir okkur til þess að uppfylla óskir okkar. Í stóru hlutverki voru svo þau Sigrún Arna og Halldór Ingi hjá Heima decor og máttu þau þola ýmislegt frá okkur en með hjálp þeirra tókst okkur að fullkomna salinn."

Þau voru ekki síður ánægð með matinn sem Einsi Kaldi og hans fólk sá um. „Þvílíka upplifunin sem það var. Gestirnir okkar eru ennþá að tala um hversu fjölbreyttur og góður hann var. Foreldrar okkar gáfu okkur að gjöf, Júníus Meyvant sem spilaði nokkur lög yfir borðhaldinu og var hann algjörlega frábær. Erpur, eða Blaz Roca eins og hann kallar sig byrjaði partýið. Tóku svo Tríó Þóris Ólafssonar við taumunum og spiluðu undir dansi langt fram á nótt. Að okkar mati, fullkominn dagur á Eyjunni fögru," sagði Þorgerður Anna fyrir hönd þeirra beggja.

Guðbjörg Guðmannsdóttir sá um brúðkaupsmyndatökuna sjálfa. Kristín Thelma myndaði athöfnina og Sólveig Adolfs sá um myndatöku í veislunni. Natali & Slava myndatökufólk , sem búsett eru í Eyjum og hafa sinnt þó nokkrum verkefnum þar tóku upp allan daginn. „Allt frá undirbúningi til veisluhalda og bíðum við spennt eftir því að sjá myndbönd frá deginum."



Guðmundur skilar brúðhjónunum í veisluna í Höllinni eftir myndatökuna.
Mynd Sólveig Adolfsdóttir.

Þátttakandi í gleðistundum

Í góðu veðri má sjá Guðmund Guðmundsson aka um götur Vestmannaeyja og sýna 76 ára bílinn sinn, Oldsmobile árgerð 1948 sem lítur út eins og nýr. „Ég er búinn að eiga bílinn í 32 ár og reynt að halda honum vel við. Hann var keyrður 72 þúsund mílur áður en ég lét taka upp vélina fyrir sjö árum. Síðan hef ég keyrt hann á milli 2000 og 3000 mílur. Hann er nýkominn úr skveringu á Selfossi, glansandi fínn og hvergi rispu að sjá. Allt upprunalegt, bæði að innan og utan," segir Guðmundur.

„Ég er kallaður til við ýmis tilefni og skemmtilegast er að fá að taka þátt gleðistundum fólks, ekki síst brúðkaupum. Þá er gaman að mæta með þann gamla sem stendur undir nafni sem hinn fullkomni brúðarbíll."

TÖLUM UM FORYSTU

RX 450h+ Plug-in Hybrid

Þessi einstaki lúxussportjeppi hrífur þig strax við fyrstu kynni, enda hannaður til að skera sig úr og taka forystu.

Komdu í Kauptúnið - þín bíður óviðjafnanleg akstursupplifun!



Lexus Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ – lexus.is

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

Bílaverkstæði Sigurjóns ≡ alhliða þjónusta

Traustir kúnnar og 40 ára reynsla

„Ég stofnaði fyrirtækið 1. nóvember 1986, Bílaverkstæði Sigurjóns. Darri bróðir kom inn í það eftir eitt ár og Jón Steinar bróðir okkar eftir það og þá varð til Bílaverkstæðið Bragginn. Ekki man ég hvaða ár það var sem ég fór út úr því og keypti Smurstöð Skeljungs við Græðisbraut. Var þar með hefðbundið bílaverkstæði en Darri sneri sér að bílasprautun og réttingum og Jón Steinar fór í vörubílareksturinn," segir Sigurjón Adólfsson, bifvélavirki sem í dag rekur verkstæði sitt að Flötum 20 og Garðavegi 15, húsi sem á sér langa sögu sem atvinnuhúsnæði. Þangað flutti hann á síðasta ári.

Eftir nokkur ár á Græðisbrautinni flutti Sigurjón sig aftur á Flatirnar árið 2000, í hús á sama hlaði og Bragginn var og er þar sem hann keypti húsið af Hirti Hermanns og Gísla Jónasar sem framleiddu þar trollkúlur. Það gerðu þeir í tvö eða þrjú ár og Fjölverk keypti Smurstöðina sem stóð þar sem Húsasmiðjan er í dag. Við erum með allar hefðbundnar bílaviðgerðir, smurstöð og dekkjaverkstæði. Stærri bíla þjónustum við á gamla staðnum og nóg að gera. Vörubílar og allir stærri bílar fara þar inn," segir



Sigurjón: Þetta gengur ekki ef maður vinnur ekki við það sjálfur eins og verkstæðin hér í Eyjum sanna.

Sigurjón og kvartar ekki því nóg er að gera á öllum vígstöðvum.

„Við erum að meðaltali fjórir á gólfinu og ég hef oft verið spurður af hverju ég sé sjálfur á gólfinu. Það er einföld skýring á því. Þetta gengur ekki ef maður vinnur ekki við það sjálfur eins og verkstæðin hér í Eyjum sanna. Þar eru eigendur allir á gólfinu eins og Darri í Bragganum, Muggur á bílaverkstæði Muggs, Hörður og Matti á Bílaverkstæði Harðar og Matta og Óskar í Áhaldaleigunni. Það hafa menn reynt að reka svona verkstæði og verða aldrei skítugir undir nöglunum. Það hefur ekki gengið upp."

Breytingar og tækniþróun

Bílaverkstæði Sigurjóns er mjög vel búið tækjum og uppfyllir allar kröfur dagsins í dag. „Við þjónustum flestöll bílaumboðin og komnir með tölvur fyrir alla þessa bíla. Þetta hefur mikið breyst frá því maður opnaði húddið á bílnum til að finna út hvað væri að. Í dag kemur fólk með bílinn og við stingum tölvunni í samband. Hún gefur vísbendingar og hjálpar mikið en segir ekki allt."

Þau eru að nálgast 40 árin sem Sigurjón hefur staðið í þessum bransa og hann upplifað miklar breytingar og tækniþróun. „Þetta er mjög mikil breyting. Í dag er það smurþjónusta við bíla með hefðbundnar vélar. Í nýrri bílum er það mengunarkerfið sem kallar á mikla þjónustu og líka bremsur, fjaðrabúnaður, tímareimar og fleira. Þetta er uppistaðan hjá okkur í dag."

Fylgjast vel með

Hvað með rafbílana? „Við höfum ekkert farið út í að þjónusta þá. Það er mikið sérverkefni sem við sendum beint í umboðin en við fylgjumst með þróuninni og ekki langt í að við förum að vinna við þá.

Þegar litið er yfir verkstæðið er ekki annað að sjá en að hér sé allt sem þarf, t.d. 9 lyftur, tölvur og viðeigandi tæki. „Við þrífum ekki bíla en alla aðra þjónustu er hægt að fá hjá okkur. Við erum með góða kúnna sem margir hafa verið hjá okkur í áratugi og þrír frá upphafi. Fyrstu kúnnarnir voru Haukur á Reykjum vörubílsstjóri, Friðbjörn Ólafur Valtýsson, þá með Straum og Hartmann tannlæknir."

Sigurjón er ekki mikið í að selja bíla sjálfur en er í góðu sambandi við umboðin sem hann er að vinna fyrir. „Hekla kom hingað með bíla og gekk vel. Þurftu ekki að fara með marga bíla því þeir seldust flestir. Við sækjum líka námskeið hjá umboðunum til að fylgjast með því sem er að gerast. Það tryggir viðskiptavinum okkar bestu þjónustu," sagði Sigurjón að lokum.

Jón Steinar ≡ Vörubílar eru hans mál:

Krafa um stóra og öfluga bíla



Jón Steinar: Stór hluti af okkar starfi tengist sjávarútvegi.

Jón Steinar, sem á og rekur Braggabíla er yngstur bræðranna þriggja en bílar áttu fljótt hug hans allan. Fetaði sömu slóð og Sigurjón og Darri, lærði bifvélavirkjun og vann með þeim í 17 ár. Breytti um kúrs, keypti sér vörubíl og fetaði í fótspor pabbans, Adolfs Sigurjónssonar. Hann á í dag 6 vörubíla og eru 4 þeirra öflugir og í fullum rekstri. „Ég var eldri en Darri þegar ég fékk mótorhjóladelluna. Sleppti skellinöðrunni, tók stóra stökkið og keypti mér mótorhjól þegar ég var 22 ára," segir Jón Steinar um fyrsta mótorhjólið. Bíladellan byrjaði mun fyrr, en hann keypti sér fyrsta bílinn sem var Dodge Dart þegar hann var 16 ára. Voru amerísku bílarnir í uppáhaldi fyrstu árin. „Ég vann í mörg ár með bræðrunum við málun og réttingar og fann mig ágætlega í því. Það var svo árið 2004 sem ég keypti fyrsta vörubílinn, Volvo sem ásamt Scania hafa verið uppistaðan í bílaflotanum hjá okkur."

Breytingin er mikil á þessum 20 árum, stærri og öflugri bílar og kranar sem geta lyft mörgum tonnum. „Stór hluti af okkar starfi tengist sjávarútvegi og stærri og afkastameiri veiðarfæri kalla á stærri og öflugri bíla. Sama gildir um kranana. Þeir þurfa bæði að geta lyft miklu og teygt sig langt."

Öflugir starfsmenn

Jón Steinar hefur tvo öfluga starfsmenn, Kjartan frá árinu 2013 og Tryggva frá árinu 2022. „Frábærir menn enda veitir ekki af þegar mikið er að gera. Fyrir þann tíma voru það hinir ýmsu menn sem hjálpuðu okkur yfir stærstu vertíðarnar í síld, makríl og loðnu. Júlía Elsa konan mín hefur svo séð um allt bókhald hjá okkur frá byrjun.

Eftir að við stækkuðum við okkur 2021 hafa verkefnin orðið fleiri. Erum mikið á bryggjunum, vinnum við bátana, trollin og næturnar. Eins gott að hafa góð tæki því stærstu næturnar eru allt að 50 tonn. Við fylgjum þessari þróun og keyptum nýlegan bíl með mjög öflugum krana á síðasta ári. Við sjáum sjálfir að mestu um allt

Darri í Bragganum hefur nóg að gera:

Fékk fyrstu Honduskelli-nöðruna 12 ára

Gunnar Darri rekur málningar- og réttingarverkstæðið Braggann og hefur gert í áratugi. Auk þess hefur hann verið umsvifamikill í bílaviðskiptum og hefur verið með umboð fyrir Honda í aldarfjórðung og er enn.

„Ég byrjaði með Hondu 1999 fyrir Bernhard ehf. og árið 2002 bættist Peugeot við eftir að Bernhard keypti umboðið fyrir þessa frönsku eðalbíla hér á landi. Missti það til Brimborgar 2015. Askja keypti Honda umboðið af Bernhard en ég hélt áfram að selja þessa geysivinsælu bíla og nú bætast við Kia og Benz. Kærkomin viðbót og hlakka ég til að bjóða Eyjamönnum þessa flottu bíla. Honda er samt alltaf í uppáhaldi hjá mér þó hitt séu góðir bílar," segir Darri og hlær.

„Það er alveg frá því maður var peyi og eignaðist fyrstu skellinöðruna tólf ára gamall. Var að sjálfsögðu Honda sem ég fékk 24. janúar 1974," bætir hann við.

„Okkur gekk mjög vel að selja Hondabíla og nýjungin var að við vorum með bíla á lager, strax þegar við byrjuðum. Fólk kom og skoðaði, leist vel á og keyrði frá okkur á nýjum bíl. Þjónustan sem við bjóðum hjálpaði líka. Við



Feðgar – Sæþór og Darri hafa lengi starfað saman í viðgerðum á bílum og bílamálum.

eigum Hondaviðskiptavini sem hafa haldið tryggð við okkur frá upphafi."

Darri byrjaði í Bragganum 1. nóvember 1987 sem þá var nafn við hæfi. Síðar vék bragginn fyrir nýtísku húsi. „Við vorum með alla vörubíla á Vörubílastöðinni meðan hún var og hét. Alltaf brjálað gera í gömlum vörubílum. Við byrjuðum að færa okkur yfir í málningu og réttingar og héldum því áfram eftir að við splittuðum," segir Darri og það er nóg að gera.

„Ekki dottið úr dagur síðan. Ég sé um tjónaskoðun og viðgerðir fyrir öll tryggingarfélögin. Til þess þurfum við að vera löggilt fyrirtæki og vottað að kröfu tryggingafélaganna og Bíliðnaðarsambandsins sem við uppfyllum. Þetta er uppistaðan í rekstrinum, um 95 prósent bílanna sem við fáum til okkar eru tjónabílar. Það er breytingin því áður var fólk meira í að gera þetta sjálft. Nú vill það fá gert við bílinn og kemur til okkar. Við pöntum alla varahluti og komum bílnum í samt lag. Kúnninn borgar sinn hluta af tjóninu og við rukkum tryggingafélögin um það sem upp á vantar."

Nýtt húsnæði Braggans, byggt á árunum 2000 og 2001 stenst allar kröfur og er rúmir 400 fermetrar. „Þá keyptum við nýjan sprautuklefa og verkfæri sem þarf til að laga og rétta bíla og erum alltaf að uppfæra tækjakostinn. Það er líka í athugun að kaupa nýjan klefa þannig að ég er ekki alveg hættur."

Bíll er ekki bara bíll og segir Darri að japanskir bílar eigi margt sameiginlegt og það eigi við bíla framleidda í Evrópu. „Oft er einn og sami framleiðandinn þó bílategundirnar séu nokkrar."

Starfsmenn eru sex og veitir ekki af. „Ég vona að ég njóti trausts viðskiptavina og félaganna sem ég vinn fyrir. Búinn að vera í þessu öll þessi ár og alltaf nóg að gera. Hlýtur að fylgjast að, traust og næg verkefni," sagði Darri að endingu.

viðhald en vanti okkur aðstoð leitum við til Sigurjóns. Með sérhæfðari viðgerðir á bílunum kemur fyrir að við þurfum að fara til Reykjavíkur. Þegar ég byrjaði var ég á planinu á bak við Braggann og fékk aðstoð hjá bræðrunum þegar á þurfti að halda. Það gjörbreyttist þegar ég keypti húsið við Tangagötu 2016. Þar komum við inn fjórum bílum," segir Jón Steinar og er ánægður með hvernig gengur.

„Það er nóg að gera og rúllar fínt. Oft nætur- og helgarvinna á vertíðum. Við erum líka kallaðir til þegar hús eru byggð, hífa steypu og þyngri hluti. Mikið byggt og nóg að gera. Við sjáum líka um allan flutning á dótinu fyrir og eftir þjóðhátíð inn í Dal sem er meira verk en flesta grunar. Með öllu er þetta mikil fjárfesting en dæmið gengur upp og þá getur maður ekki verið annað en ánægður.



Héldu sig við bílana eins og pabbinn

Adólf Sigurjónsson bifreiðastjóri, Addi var einn litríkra bílstjóra á Bifreiðastöðinni sem á síðustu öld var ein af stoðum bæjarfélagsins. Kona hans var Herdís Tegeder og áttu þau drengina Sigurjón Hinrik, Gunnar Darra og Jón Steinar. Allir bifvélavirkjar og héldu sig við bílana sem þeir ólust upp við.
Þessa mynd tók Sigurgeir Jónasson 7. febrúar 1978. Bílstjórar hjá Bifreiðarstöð Vestmannaeyja. Helgi Leifsson, Magnús Guðjónsson frá Reykjum, Adólf Sigurjónsson og Sigurgeir Scheving.

Komið fagnandi öll sem eitt

Rétt fyrir Þjóðhátíð opnaði þjónustumiðstöðin Laufey við gatnamót Landeyjahafnarvegar og þjóðvegs 1.

Sveinn Waage, sölu- og markaðsstjóri Laufeyjar segir aðpurður að þar sé boðið upp ákveðna byltingu í þjónustu, bæði í nýjungum og gæðum. „Við munum bjóða upp á ljúffengan matseðil í Laufey Bistró, sjálfsafgreiðsluverslun, hraðhleðslu fyrir 8 bíla, einstaka upplýsingasnertiskjái og svo hreinustu almenningssalerni í heiminum og þar með á Íslandi. Herjólfur verður svo með góðan sýnileika á svæðinu."

Hvað framhaldið varðar segir hann að verið sé að klára húsið að utan, skilti og fleira. „Við stefnum á að fjölga hleðslustöðvum, setja upp leiksvæði úti og svo mun aðstaða fyrir ferðabíla og vagna verða klár fyrir næsta sumar vonandi. Við erum búin að leggja allar lagnir fyrir það."



Sveinn Waage, sölu- og markaðsstjóri Laufeyjar við einn upplýsingasnertiskjáinn.

Besta upplifun þeirra í Íslandsferðinni

Spurður um viðtökurnar sem þau hafi fengið segir Sveinn:

„Frábærar! Mikið af hamingjuóskum og fólk er himinlifandi með matinn, salernin og svo hafa snertiskjáirnir vakið mikla lukku. Þakklátasta fólkið er kannski erlenda fjölskyldan sem var á ferðinni í gær sem ég aðstoðaði við að bóka í Herjólf en það var ekki á planinu hjá þeim. Þau komu svo við seinna um daginn til að þakka mér fyrir bestu upplifun þeirra í Íslandsferðinni sinni. Þarna kristallast mín persónulega ástæða að ég er búinn að vinna að þessu verkefni hörðum höndum í fimm ár."


Hvernig er opnunartíminn hjá ykkur?

Við höfum verið að opna 8 á morgnana og loka 10 á kvöldin en við erum að undirbúa sólarhringsopnun á hluta hússins sem verður algjör bylting á svæðinu.

Er Sveinn er spurður hvort hann vilji koma einhverju á framfæri við Eyjamenn segir hann að þeir séu auðvitað sérstaklega mikið velkomnir. „Enda hafa þeir fylgst náið með okkur og hvatt okkur áfram. Þetta er veiðikofi okkar Eyjamanna á Norðurey og vonandi okkar athvarf upp á landi á leið til og frá Eyjum. Komið fagnandi öll sem eitt."







Stöðin eigi eftir að gera mikið fyrir Vestmannaeyjar

Tómas Þóroddsson er veitingamaður á Selfossi. Tómas situr í stjórn Laufey welcome center og einnig hluthafi. Hann á svo ásamt Óðni Árnasyni matreiðslumanni Laufey bistro, en veitingahlutinn er rekinn sér.

Fyrir á Tómas staðina Kaffi Krús, Tryggvaskála, Samúelsson í mathöllinni, Riverside og Mar seafood en allir þessir staðir eru á Selfossi. Spurður út í nýjasta staðinn í seilingarfjarlægð frá Eyjum segir hann:

„Við erum með flottan Bistro seðil með aðaláherslu á íslenskan mat, t.d. fiskibollur, plokkfisk og lambaskanka. Svo auðvitað þetta hefðbundna, hamborgara, fisk og franskar, salöt o.s.frv." segir hann.

Aðspurður um hvernig honum lítist á verkefnið segir hann þá félaga hrikalega spennta fyrir þessu. „Þetta er öðruvísi, nútímalegt og spennandi."


Að endingu segir Tómas að hans tilfinning sé að þessi stöð eigi eftir að gera mikið fyrir Vestmannaeyjar. „Hér er notalegt að bíða eftir bátnum, fá sér léttan mat og drykk og útsýnið er auðvitað guðdómlegt."



Nú er unnið að því að klára húsið að utan.

ÖNNUMST ALLAR ALMENNAR BIFREIÐA-VIÐGERÐIR

MINNUM EINNIG Á HJÓLBARÐAÞJÓNUSTUNA OKKAR



HONDA

CR-V e:PHEV

Plug-in Hybrid

Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður



Verð frá

9.790.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ* HONDA Á ÍSLANDI

3 ÁRA ÞJÓNUSTA HONDA Á ÍSLANDI**

Tækni sem þú getur treyst.

Honda eru þekktir fyrir hágæða hönnun og smíði, framúrskarandi tækninýjungar, áreiðanleika og margverðlaunað öryggi. Öllum Honda bílum fylgir 5 ára ábyrgð og innifalin þjónusta í 3 ár eða 30.000 km

Kíktu til okkar í Braggann, Flötum 20 og reynsluaktu.
Við tökum vel á móti þér!

BRAGGINN

Bragginn · Flötum 20, 900 Vestmannaeyjum · 481 1535
Söluaðili Honda á Íslandi.

* Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Nánari upplýsingar um 5 ára ábyrgð Honda er á honda.is/5-ara-abyrgd ** 36 mán eða 30þ km, hvort sem fyrr kemur.